



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
við afhendingu
Íslensku þýðingaverðlaunanna
15. febrúar 2017**

Ágætu þýðendur,
fulltrúar Bandalags þýðenda og túlka,
kæru gestir!

Bókmenntir okkar Íslendinga hafa alla tíð eflst og dafnað fyrir tilstuðlan erlendra verka. Þaðan kom innblásturinn, kornið sem fyllti mælinn svo útaf flóði. Satt er það sem Sigurður Nordal sagði á sínum tíma, að ekki mætti ætla „að íslenskar fornmenntir hafi skapast í einangrun og fásinni“, heldur væri hitt nær lagi, „að þær áttu sérstöðu sína miklu fremur víðsýni þjóðarinnar og fjölmenntun að þakka“. Hermann Pálsson tók í sama streng þegar hann fann latneska orðskviði í Hávamálum, Hrafnkels sögu, Grettlu og fleiri meistaraverkum. „Bækur æxlást af bókum,“ hét ein ritgerð Hermanns um þessi efni. „Obbinn af þeim hugmyndum sem þar ráða gerðum manna og orðum á upptök sín í útlendum bókum og eru líf hennar og sál,“ segir höfundur þar um Hrafnkötlu.

En þetta var goðgá, sögðu sumir – fræðimenn og fleiri. Hermann var jafnvel sakaður um að stunda „þjóðskaðlegt“ niðurrif á menningararfinum. Fornsögurnar væru íslenskar, með íslenskar rætur, sprotnar upp úr íslenskum jarðvegi. Vissulega eru þær einstakar á sinn hátt, til dæmis eru beinar hliðstæður við Íslendingasögur og frásagnir Sturlungu vandfundnar erlendis. Enginn getur þó haldið því fram að sagnaritarar og skrifarar hafi ekki farið eftir erlendum fyrirmyndum, lesið erlend handrit. Íslendingasögur eiga til dæmis margt að þakka því góða fólki sem sneri á íslensku sögum heilagra manna og meyja, postula og dýrlinga, í árdaga kristni í landinu þannig að úr urðu látlausir textar sniðnir að eyrum bænda og fiskimanna, öflugar áróðursbókmenntir hins nýja siðar. Og þýðingar eru órofa þáttur íslenskra bókmennta frá fyrstu skrefum ritlistar í landinu. Taka má dæmi af Rómverja sögu sem var sett saman á seinni hluta tólftu aldar. Hún geymir þýðingar þriggja latínurita, Bellum Jugurthinum og Conjuratio Catilinae eftir Sallústíus og Pharsalia eftir Lúkanus.

Riddarasögurnar urðu svo mjög áhrifamiklar og vinsælar, í fyrstu þýðingar en síðan blómlegur innlendur ævintýrasagnariðnaður þegar fram liðu stundir í lausu máli og rímum.

Þegar við minnumst sagnaarfs okkar hættir okkur til að gleyma hálfpartinn hinum merku þýðingum. Rómverjasaga þykir þá ekki eins merk og Sturlunga, riddarasögurnar ekki eins þroskuð bókmenntaverk og Íslendingasögurnar. Þetta er synd því þýðendur til forna voru eins miklir meistarar hins ritaða máls og höfundar Íslendingasagna og annarra rita – höfundar sem nýttu sér óspart verk að utan eins og áður var getið. Svo má auðvitað bæta því við að skrifarar seinni alda breyttu textum, steypu saman, stytta og lengdu eftir eigin mati. Síðan komu fræðingar okkar daga sem samræmdu og útskýrðu þannig að margt hefur gengið á síðan höfundur Njálu og allra hinna sagnanna lagði frá sér fjaðurstafinn eftir að hafa skráð lokaorðin: „Og lúkum vér þar Brennu-Njálssögu“. Sem ég segi það er auðvitað alls ekki víst að hann hafi gert það. En það er önnur saga.

Hitt er óhaggað og víst að í heimi bókmennta á Íslandi eiga þýðingar að njóta sömu virðingar og önnur ritlist. Þess vegna er mér það sönn ánægja að afhenda í dag Íslensku þýðingarverðlaunin. Fram hefur komið að valnefnd tilnefndi fimm þýðingar. Hnossið í ár hlýtur Hallgrímur Helgason fyrir þýðingu sína á Ópello eftir William Shakespeare. Ég les hér umsögn dómnefndar:

Í annað sinn fetar Hallgrímur Helgason í fótspor þeirra Matthíasar Jochumssonar og Helga Hálfðanarsonar og þýðir leikrit eftir Shakespeare. Nú er það ástardramað Ópello. Skemmst er frá því að segja að textinn leikur í höndum Hallgríms, bæði prósi og bundið mál, en leikritið er að mestu í bundnu máli með lausamálsköflum inn á milli.

Í ljóðmáli þýðingarinnar nýtir Hallgrímur sér hina íslensku hefð stuðlasetningarinnar og fylgir í meginatriðum hinum jambíska pentameter eða stakhendu frumtextans en lætur þó hvorugt formið binda sig eða hefta. Hrynjandin er leikandi létt og orðgnóttin mögnuð, og Hallgrímur sveiflar sér frá ljóðrænni rómantík yfir í karlmannlega hörku og bregður svo í klámfengið orðbragð og jafnvel stöku slettur, allt eftir því sem við á hverju sinni. Merking textans er hvarvetna augljós og skýr og fjölskrúðugt sælgæti fyrir leikara, áhorfendur og lesendur.

Ég leyfi mér að taka undir þessi orð. Við Eliza kona mín sóttum laust fyrir síðustu jól frumsýningu Þjóðleikhússins á Ópello í gerð Vesturportshópsins. Í fésbókarfærslu skrifaði ég um þá upplifun:

Við skemmtum okkur stórvel. Nútímaleg uppsetningin er ögrandi og maður fann spennuna vaxa eftir því sem á verkið leið og hið óumflýjanlega hlaut að gerast, alveg í anda Shakespeares og Íslendingasagnanna ef út í það er

farið. „Óhægt mun örlögin að flýja,“ það finnst manni vera rauði þráður þess sagnaarfs.

Allt helst þetta í hendur og engin ein tegund er til af íslenskum Shakespeare, engin frumgerð. Hann sjálfur skrifaði svo hratt, honum lá svo mikið á hjarta, að hann missti einatt þráðinn og skrifaði tóma vitleysu. „Herramenn tveir úr Verónsborg“ er gott dæmi. Þar verður keisari að hertoga í höndum Shakespeares og Speed, sem á að vera í Mílanó, segir glaður í bragði: „Velkominn til Padúa!“ Svo má ég til með að nefna þá rökstuddu niðurstöðu hins pólska Jans Kotts, eins helsta Shakespeare-fræðings síðustu aldar, að í leikhúsum eigi að klæða verk skáldsins í samtímabúning, láta tíðaranda hverju sinni enduróma í verkum hans. Það tókst Hallgrími Helgasyni í sinni ágætu þýðingu. Hafi hann kærar þakkir fyrir.